

Menningarminjar í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi innan
Ennis og Neshreppi utan Ennis

Svæðisskráning fornleifa


Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS558-14031

Reykjavík

2015



© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1.	Um fornleifaskráningu	2
1.2.	Um heimildaskráningu (svæðisskráningu)	4
2.	Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra	7
2.1.	Bæjarhólar og bæjarstæði	10
2.2.	Útihús	10
2.3.	Tún, garðar og akrar	11
2.4.	Kvíar og stekkir	12
2.5.	Beitarhús og sel	12
2.6.	Engjar og áveitur	13
2.7.	Minjar um samkomur og þinghald	13
2.8.	Kuml og kirkjugarðar	13
2.9.	Samgönguminjar	14
2.10.	Hellar og ból	14
2.11.	Sjávarminjar	14
3.	Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	15
	Heimildaskrá	17

1. Inngangur

Árið 1989 var fornleifaskráning gerð að lögbundinni forsendu skipulagsvinnu. Síðan þá hefur mikið skráningarstarf verið unnið víða um land og hefur fornleifaskráningu hefur miðað þokkalega áfram á þessu skeiði. Fornleifaskráningu má í grófum dráttum skipta í tvennt, í svæðis- og aðalskráning. Svæðisskráning felst í heimildaúttekt, þá er farið í gegnum margvíslegar heimildir í leit að vísbendingum um þekktar fornleifar á hverju svæði. Við aðalskráningu er hins vegar farið á vettvang, gengið á alla þekkta minjastaða, þeir hnitsettir og skráðir á nákvæman hátt. Heimildaskráningin er eðli málsins samkvæmt hraðari leið til að safna saman miklum upplýsingum og getur í raun skilað talsverðum sjálfstæðum upplýsingum. Hún er einnig nauðsynlegur undirbúningur þess að farið sé á vettvang til að skrá minjarísleif, gagnagrunnur Fornleifastofnunar Íslands stærsti gagnagrunnur landsins á þessu svæði. Í honum eru nú upplýsingar um tæplega 97.000 fornleifar, en þar af hefur um þriðjungur verið skráður á vettvangi.

Sveitarfélög hafa að mestu borið kostnað af skráningunni þar sem þeim ber lagaleg skylda til að láta skrá minjar innan marka sveitarfélagsins áður en gengið er frá aðalskipulagi. Auk þess sjá þau gjarnan kosti þess að eiga tiltækar nákvæmar upplýsingar um staðsetningu fornleifa innan sinna marka áður en til skipulagsvinnu eða framkvæmda kemur. Það getur enda orðið kostnaðarsamt að ráðast í björgunaruppgröft ef landi hefur verið ráðstafað þar sem lögverndaðar minjar reynast vera. Fornleifaskráningu er víða lokið í þéttbýli, t.a.m. í flestum af stærri kaupstöðunum landsins og nokkrum sveitarfélögum, t.d. í allri Eyjafjarðarsýslu og sveitarfélögum sunnan Skarðsheiðar. Á hinn bóginn hefur fornleifaskráningu lítið miðað í þeim sveitarfélögum sem eru fámenn en landmikil og langtum strjálbýlli nú en var til forna. Þar eru margar minjar og eyðibýggðir, og þar bíður mikil skráningarvinna, en kostnaður á íbúa er langtum hærri en í þéttbýlli sveitarfélögum.

Í þessari skýrslu verða birtar niðurstöður svæðisskráningar í Breiðuvíkurreppi, Neshreppi innan Ennis og Neshreppi utan Ennis í Snæfellssýslu. Skráningin var samstarfsverkefni á milli Háskóla Íslands, Fornleifastofnunar Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) sem styrkti verkið. Skráningin var gerð að frumkvæði Fornleifastofnunar Íslands og er liður í stærra átaki stofnunarinnar sem miðar að því að leita leiða til að stuðla að framgangi fornleifaskráningar í fámennari sveitarfélögum. Kristín Sylvía Ragnarsdóttir vann skráninguna og sá um frágang skýrslu. Við skráninguna voru minjar færðar inn í Ísleifu og fékk skrásetjari fullan aðgang að öllum gögnum Fornleifastofnunar. Alls voru skráðar upplýsingar um 1841 fornleifar í hreppunum, á 123 jörðum. Í gagnagrunninum hafði þegar

verið skráðar 847 fornleifar en mest hafði verið skráð á jörðunum Ólafsvík og Gufuskálum. Árið 2007 var gerð deiliskráning í Ólafsvík undir stjórn Sólveigar Guðmundsdóttir Beck¹ og árið 2014 var gerð aðalskráning undir stjórn Kristbornar Þórsdóttur á Gufuskálum².

Skýrslan byggir á öðrum skráningarskýrslum Fornleifastofunnar Íslands og eru staðlaðir kaflar um fornleifaskráningu með sama sniði og hefð er fyrir í slíkum skýrslum.

1.1. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar í landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugunum og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um tegundir og hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathugun, en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Svæðisskráning er nauðsynlegur grunnur frekari skráningar á hverju svæði. Hún felst í öflun heimilda um fornleifar á afmörkuðu svæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á svæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu, og að vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa.

¹ Sólveig Guðmundsdóttir Beck. *Deiliskráning í Ólafsvík, Snæfellsnesi*, 2007.

² Kristborg Þórsdóttir. *Aðalskráning fornminja á Gufuskálum á Snæfellsnesi*, 2014.

Aðalskráning felur í sér vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið að sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitastjórnir og stofnanir þeirra, og með hliðsjónir af þörfum þeirra.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa, en fyrst greint stuttlega frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Eftirfarandi skilgreiningu er að finna í 3. grein laga um menningarminjar (Lög nr. 80 29. júní 2012):

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Samkvæmt lögum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar, en við skráninguna er þó notast við aðeins víðari skilgreiningu. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru til vitnis um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hvers kyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimsstyrjöldinni, veru setuliðsins í landinu og framkvæmdum á vegum þess (vegir,

flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.frv.) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma hins vegar yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrr en á stigi aðalskráningar.

Ýmiskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni rata þó ekki inn í svæðisskráningu fornminja. Þetta eru t.d. heimildir um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er auk þess mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru nærtækar upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguritamum) er þeim þó safnað saman á stigi svæðisskráningar.

Það er ennfremur skýrt af ofangreindri skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnugreinum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar eiga að hafa haldið til. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað þar uppi. Þar sem slíkar sagnir eru til staðar, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistöskráð. Hvað er skráð og hvað ekki er því vitanlega umdeilanlegt en byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum.

1.2. Um heimildaskráningu (svæðisskráningu)

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborði. Ekki er reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar geti leynst undir yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé þannig hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands notað tvær aðferði. Annars vegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hins vegar eru óbeinar vísbendingar, svo sem örnefni, sem oft gefa vísbendingar um staðsetningu og hlutverk minja. Heimildir um byggð og búsetu eru einnig mikilvægar, en útfrá yfirliti um staðsetningu og dreifing byggðar má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þótt þeirra sjái ekki stað lengur. Við upphaf svæðisskráningar

fornleifa er því gert yfirlit um sögu byggðar á hverri jörðu, jarðir og jarðatakörk skilgreind. Helstu heimildir við þessa vinnu eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalyýsingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar á ýmsum stöðum, s.s. í fornleifaskýrslum.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í stað vettvangskönnunar (aðalskráningar). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipan og staðsetningu mannvirkja á 19.öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hins vegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hins vegar gefa góða mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skráningarsvæðinu.

Helstu heimildaflokkar sem nýttir eru við svæðisskráningu eru eftirfarandi:

JARÐABÆKUR: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimild um sögu byggðar á Íslandi. Við svæðisskráningu er þó einnig stuðst við *Jarðatal Johnsens* frá 1847, og er númerun jarða og minjastaða grundvölluð á því riti. Í þessum ritum má oft finna ítarlegar upplýsingar um búsetu á viðkomandi jörðum, staðhætti, landgæði og hlunnindi. Þau gefa einnig allgóða mynd af dreifingu byggðar á skráningarsvæðinu, og með því að bera jarðabækur saman við jarða- og landamerkjaskjöl fæst gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði og stöku sinnum selstöður og námur eins og mótak eða torfristu.

TÚNAKORT: Um 1920 voru gerðir uppdrættir í mælikvarðanum 1:2.000 af tünnum svo til allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð enda eftir mismunandi mælingamenn. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig eru ritaðar á kortin upplýsingar um stærð túna í

fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stórt hlutfall þeirra var þýft, og stærð matjurtagarða. Hvað varðar Breiðvíkurhrepp, Neshrepp utan Ennis og Neshrepp innan Ennis þá eru til túnakort frá 1919, fyrir hluta jarðanna, sem eru af þeirri gerð sem lýst er hér að framan.

ÖRNEFNASKRÁR: Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringar fornrita. Það var hins vegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en örnefnasafnið er nú í umsjá Örnefnastofnunar Íslands. Ekki eru til sérstakar örnefnaskrár fyrir allar þær jarðir sem nefndar eru í jarðatalinu og geta skrár fyrir einstaka jarðir stundum verið hlutar af örnefnaskránnágrannajarða. Misjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskránná en sjaldgæft er að höfundar láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingu þess. Sjaldgæft er þó að fornleifum sé lýst mjög nákvæmlega í þessum skránná og langoftast getið um þær í framhjálaupi eða til skýringar. Örnefnaskrár eru engu að síður stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á, en helstu gallar þeirra er að ekki er hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skránná þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum. Höfundar þeirra eru auk þess oft of staðkunnugir þannig að lýsingar þeirra verða illskiljanlegar þeim sem ekki eða lítið þekkir til. Fyrir jarðir í Breiðvíkurhrepp, Neshrepp utan Ennis og Neshrepp innan Ennis er til nokkuð gott safn örnefnaskránná, og eru örnefnaskrár af einhverju tagi til fyrir flestar jarðanna og fleiri en ein fyrir sumar þeirra.

FORNLEIFASKÝRSLUR: Í lok 19. aldar var gert mikið átak á vegum Hins íslenska fornleifafélags í að kanna íslenska fornleifastaði og voru það einkum staðir sem tengdust frásögnum fornrita sem þóttu athyglisverðir. Skýrslurnar birtust oftast sem greinar í Árbók hins íslenska fornleifafélags og var því vandlega leitað fanga í Árbókinni.

AÐRAR ÍTARHEIMILDIR: Ýmsar aðrar ítarheimildir eru nýttar við svæðisskráningu fornleifa. Þær heimildir sem iðulega er stuðst við eru *Íslenskt fornbréfasafn* og *Íslensk fornrit*, s.s. Landnámabók, Íslendingasögur og Sturlunga. Auk þess er farið í gegnum ferðasögur, t.d. ferðabækur Ólafs Olavíusar, og Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Þjóðsögur eru annar flokkur heimilda sem nýttur er við svæðisskráningu. Að lokum er síðan leitað fanga í öðrum heimildum sem á einhvern hátt tengjast svæðinu sem um ræðir. Hér er t.d. um að ræða ævisögur og áthagarit af ýmsu tagi. Þessi hluti heimildavinnunnar er eðlilega mjög misjafn frá einu svæði til annars bæði hvað umfang og gæði snertir.

2. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra

Í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis voru skráðar 1841 fornleifar á 123 jörðum. Það þýðir að tæplega 15 minjastaðir reyndust að meðaltali á jörðu. Þar af voru 828 skráðar í Breiðuvíkurbreppi, 493 í Neshreppi utan Ennis og 519 fornleifar voru skráðar í Neshreppi innan Ennis. Fjöldi skráðra fornleifa á jörð er þó mjög misjafn og helst í hendur við stærð jarðanna og landgæði. Í Breiðuvíkurbreppi eru flestar skráðar fornleifar á Einarlóni, í Neshreppi utan Ennis eru flestar skráðar fornleifar á Gufuskálum og í Neshreppi innan Ennis eru flestar fornleifar skráðar í Ólafsvík.

Við skráningu minja eru þær flokkaðar á tvennan hátt, annars vegar er getið um tegund fornleifar hins vegar umhlutverk.

Tegund

Tegundarflokkun fornleifa snýr að eðli þeirra eða gerð og segir í raun til um það hvaða sannanir eða vísbendingar eru fyrir hverjum minjastað. Á heimildastigi er því tegundin oftast annað hvort örnefni eða einfaldlega heimild en á vettvangsstigi breyttist það oft þar sem finnast ápreifanleg sönnunarkerki um minjastaðinn s.s. ræða tóftir, garðlag, vörður o.s.frv.

Sem fyrr segir er á svæðisskráningarstiginu yfirleitt erfitt að segja til um það með vissu hvort fornleifar séu enn sýnilegar á þeim stöðum sem skráðir eru hverju sinni þó heimildir segi til um að svo hafi einhvern tíma verið. Því er valinn tegundarflokkurinn *heimild* fyrir þá minjastaði. Oft á tíðum eru örnefni eina vísbendingin um fornleifar, dæmi: *Fjárhúsholt*, en þeir minjastaðir eru þá skráðir í tegundarflokkinn *örnefni*. Má í raun segja að þumalputtareglan sé sú, á svæðisskráningarstiginu, að minjar lendi í öðrum hvorum þessara flokka en á þessu eru þó nokkrar undantekningar. Í einhverjum tilvikum er nokkuð örugg vissa fyrir því að fornleifar séu enn á viðkomandi stað og eru þeir staðir þá flokkaðir til tegundar í samræmi við það eins og t.d sem *tóft*, *garðlag*, *hús*, *stífla*, *hellir* o.s.frv. Auk þess er skráðir staðir sem taldir eru tengjast atburðum í þjóðsögum eða í Íslendingasögunum, þó ekki séu endilega vísbendingar um efnislegar fornleifar á þeim. eru þeir þá eftir atvikum skráðir til tegundar sem *þjóðsaga* eða *sögustaður*. Einnig eru skráðar náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi en innan þess flokks eru t.d. tegundirnar *álagablettur*, *lind*, *laug*, *hver* o.s.frv. Loks eru skráðir staðir þar sem fundist hafa gripir, eða mannabein án þess þó að það séu frekari upplýsingar um fornleifar á þeim. eru þessir staðir skráðir í tegundarflokkana *gripir* eða *mannabein*. Tveir tegundarflokkar hafa sérstöðu en það eru flokkarnir *bæjarhóll* og *bæjarstaði*. eru þeir ávallt valdir fyrir staði þar sem bæir hafa staðið, jafnvel þótt ekki sé

endilega vissa um að þar sé ennþá minjar að finna. Er reglan sú að staðir þar sem búseta hefur varað lengi, þ.e. um aldir, eru settir í flokkinn *bæjarhóll* þar sem líkur eru á að uppsöfnun mannvistarlaga hafi orðið. Bæir þar sem búseta hefur varað stutt, þ.e. nokkra áratugi og litlar líkur eru á að uppsöfnun mannvistarlaga hafi orðið að ráði, eru svo settir í flokkinn *bæjarstæði*.

Í töflunni hér að neðan má sjá hvaða tegundir fornleifar í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis voru skráðar við heimildaúttekt.

Álagablettur 6	Áletrun 1
Brunnur 12	Brú 4
Bæjarhóll 123	Bæjarstæði 89
Dys 3	Frásögn 3
Garðlag 14	Gata 10
Gerði 6	Gripir 3
Gryfja 2	Heimild 1030
Hellir 12	Hleðsla 2
Huldufólksbústaður 4	Kirkjugarður 5
Kuml 3	Lind 6
Mannvirki 15	Náma 1
Renna 2	Stífla 1
Sögustaður 3	Tóft 68
Tóft+garðlag 3	Tóftaþyrping 3
Tóftir 16	Varða 40
Vegur 28	Þjóðsaga 44
Þúst 29	Örnefni 241
Öskuhaugur 1	Ótegundagreind 7

Þegar komið er á aðalskráningarstigið, þ.e. þegar vettvangsskráning fornleifa fer fram, tekur tegundarflokkun skráðra fornleifa svo yfirleitt talsverðum breytingum þar sem þá fæst betri vissa fyrir því hvort sýnilegar fornleifar eru á skráðum minjastöðum. Færast þá minjastaðirnir í flokka sem eru meira lýsandi fyrir eðli eða gerð minjanna, dæmi: *tóft*, *garðlag*, *hús*, o.s.frv.

Hlutverk

Hlutverkflokkun fornleifa snýr að notkun þeirra eða hlutverki. Til dæmis er tegundin „bæjarhóll” þannig skráð með hlutverkið „bústaður”, heimildir um útihús er e.t.v. hægt að

greina frekar í hesthús, fjárhús o.s.frv., varða getur t.d. þjónað hlutverki eyktamarks, samgöngubótar eða landamerkis og örnefni eins og *Selhólar* vísað á mannvirki með hlutverkið sel. Hið sama á við um greiningu hlutverka og tegunda, þ.e. ekki er alltaf hægt að ráða í hlutverk mannvirkja á heimildaskráningartígi. Við vettvangsathugun er oft hægt að varpa skýrara ljósi hlutverk forminja, bæði útfrá athugun á gerð fornleifanna og útfrá munnlegum heimildum, þ.e. með aðstoð staðkunnugra heimildamanna.

Í töflunni að neðan má sjá hvernig skráðar fornleifar í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis raðast í mismunandi hlutverkaflokka.

Bústaðir og býli		Landbúnaðarminjar		Minjar um sjósókn		Samkomustaðir	
bústaður	460	útilhús (óskilgreind)	112	fiskreitir	5	aftökustaður	4
býli	34	fjárhús	14	hjallur	15	þingstaður	10
		lambhús	2	lending	51	leikvöllur	2
Aðrar búsetuminjar		hesthús	6	naust	6	orustustaður	1
rista	5	fjós	7	sjóbúð	1	verlsunarstaður	3
mógrafir	20	tómthús	26	uppsátur	6		
þvottastaður	1	nátthagi	8	verbúð	5	Samgönguminjar	
þvottalaug	1	túngarður	5	byrgi	3	samgöngubót	15
brunnur	18	hlaða	24	herslugarður	5	brú	3
eyktamark	19	kvíar	9	herslubyrgi	3	vað	6
vatnsból	16	heygarður	8			áfangastaður	1
landamerki	35	stekkur	36	Kirkjur og legstaðir		traðir	9
(hlutv.) óþekkt	86	sel	40	legstaður	40	leið	70
áveita	1	smalakofi	1	hálfkirkja	1		
vörslugarður	4	fjárskýli	7	bænhús	4		
varnargarður	7	rétt	15	kirkja	13		
smiðja	2	beitarhús	1	útkirkja	1		
skemma	7	kálgarður	104				
mylla	1	kartöflugarður	1	(Þjóð)sögustaðir			
bað	1	sáðreitir	1	draugur	11		
skotbyrgi	2	refagildra	1	huldufólksbústaður	5		
náma	1	fjårborg	4	manndómsraun	1		
öskuhaugur	1	fjárbyrgi	3	tröll	6		
þurrabúð	50	stakkgarður	1	tröllabústaður	1		
mylla	1			álagablettur	1		

2.1. Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar, samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er jafnan mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því ein mikilvægasta tegund fornleifa og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er hins vegar sá að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Raskaðir bæjarhólar geta þó engu að síður verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim, enda skýrt í lögum að ekki megi raska þeim. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eður ei, nema við vettvangsathugun. Oftast eru þó til upplýsingar um hvort bæjarstæði hafi verið flutt til á undanförunum áratugum/á síðustu 100 árum og má ganga útfrá því, að þar sem hús hafa ekki verið flutt séu bæjarhólar meira eða minna raskaðir. Á skráningarsvæðinu má ætla að ekki séu margir óhreyfðir bæjarhólar, en þó gætu þeir verið nokkrir, þar sem bæir hafa verið fluttir til, eða lagst í eyði. Hins vegar er talsvert af smá- og kotbýlum á svæðinu, þar sem byggð hefur jafnvel lagst af fyrir vélvæðingu landbúnaðar. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum. Slíkir staðir geta einnig haft mikið kynningargildi því á þeim getur verið auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga. Nokkrir slíkir staðir eru á skráningarsvæðinu, og mun þar vera eitthvað um fornleifar sem gætu nýst vel til kynningar á sögu svæðisins. Það mun þó skýrast betur við aðalskráningu. Alls eru skráðir 124 bæjarhólar og 89 bæjarstæði í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis.

2.2. Útihús

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru peningshús helstu byggingar á hverri jörð. Í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis eru skráð 167 útihús. Þar af eru 112 með óskilgreint hlutverk, en þau eru öll skráð upp af túnakortum þar sem hlutverk þeirra er ekki tilgreint sérstaklega. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um túnin. Af þeim sem greind voru eftir hlutverki voru 76 fjárhús af einhverri tegund en einnig voru skráð sjö fjós, sex hesthús og 24 hlöður. Fjós voru reyndar oft ekki sérstakar byggingar heldur hluti af bæjarhúsunum og má því ætla að fjöldi þeirra hafi verið meiri en skráningar gefa til kynna.

Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi peningshús, en þeim hefur fækkað meira síðan en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Sést þetta vel á samanburði á túnakortum frá 1904 og 1929 (sjá hér að framan), en útihús eru nær undantekningarlaust mun fleiri á eldri kortunum en þeim yngri. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt en einnig hafa yngri og stærri peningshús úr steypu víða verið byggð ofan á eldri útihúsarústum og jafnvel tekið við hlutverki margra smærri húsa.

Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við útihús, þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Auk þess má gera ráð fyrir því að einhver landshlutamunur hafi verið á þessu, enda aðstæður ólíkar. Auk hlaðanna 24 eru skráðir átta heygardar í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis.

Smiðjur, af einhverju tagi, voru líklega við flesta bæi og var vegna eldhættu algengara að þær væru sérstök hús en ekki áföst bænum. Eru skráðar tvær smiðjur í hreppunum.

2.3. Tún, garðar og akrar

Túngarðar hafa verið byggðir um tún allt frá landnámi. Á seinni öldum virðist hleðslu og viðhaldi túngarða víða talsvert hafa verið ábótavant. Á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðshleðslum. Á skráningarsvæðinu voru skráðir fimm túngarðar, auk sjö náthaga. Túngarðar eru þess eðlis að þeirra er sjaldan getið í heimildum öðruvísi en á tilviljunarkenndan hátt. Oft er ekki hægt að greina hvort garðar þessir eru fornir, en líklegast verður að telja að margir séu þeir frá 19. öld. Auk eiginlegra tún- og vörslugarða sem gerðir voru til að hlífa túnnum við ágangi búpenings voru víða um land hlaðið talsvert af gördum, til að verja tún og hús fyrir skriðuföllum eða ágangi sjávar, s.s. varnargarðar.

Á undanförunum árum hafa orðið hraðar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir, sem byggja á efnagreiningum á jarðvegi, er gefa upplýsingar um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum verða túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og helst má tilbúinn áburður ekki hafa verið borinn á þau.

Talið er að akuryrkja hafi verið stunduð víða um land frá landnámi og fram á 15. eða 16. öld. Ekki er vitað hvers vegna kornrækt lagðist af á Íslandi en ýmsar tilgátur hafa verið settar fram um orsakir þessa eins og kólnandi veðurfar, skortur á vinnuafli vegna mannfækkunar á 15. öld eða aukinni sjósókn.³ Hvað sem því líður þá má víða um land finna

³ Birna Lárusdóttir. *Mannvist. Sýnisbók um Íslenskar fornleifar*, bls. 173-174

minjar um akuryrkju annað hvort í formi örnefna, eða sýnilegra fornleifa. Minjar um akuryrkju verða þó að teljast til sjaldgæfari minja á Íslandi, en engar minjar tengdar akuryrkju voru skráðar í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis.

Á 18. öld hófst ræktun nytjaplantna aftur á Íslandi og voru gerðar einhverjar tilraunir með ræktun á korni, en þó aðallega káli og rótarávöxtum eins og rófum gulrótum, næpum og kartöflum. Árangurinn var ærið misjafn og um miðja 18. öld sendu dönsk stjórnvöld jóska bændur til Íslands til þess að kenna Íslendingum ræktun nytjaplantna. Sú viðleitni bar þó lítinn árangur og varð það útbreidd skoðun á þessum tíma að kálrækt væri ekki arðvænleg.⁴ Þrátt fyrir þetta breiddist kálræktin síðar út um allt land og fór svo að kálgarðar voru komnir við flesta bæi í upphafi 20. aldar eins og sést glögglega á túnakortum frá þeim tíma. Leifar hlaðinna kálgarða að eru með algengari fornleifum á Íslandi en á skráningarsvæðinu voru skráðir 104 kálgarðar og einn kartöflugarður.

2.4. Kvíar og stekkir

Á flestum stöðum landsins lögðust fráfærur af um og upp úr aldamótunum 1900. Skráðir stekkir í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis eru 36. Stekkir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar eða tóftir með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið eða við annan enda. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki, sem voru slegnir. Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnar og oft beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færirkvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á 20. öld. Á skráningarsvæðinu voru skráðar níu kvíar.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. Samt er aðeins einn slíkur skráður í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis en þó er líklegt að smalakofar og skýli hafi verið á fleiri stöðum, því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru nánast án undantekninga við staði sem hátt ber og víðsýnt er.

2.5. Beitarhús og sel

Beitarhús voru stundum reist á tóftum gamalla býla og selja svo segja má að hlutverk sumra tóftanna hafi verið margþætt í aldanna rás. Einungis eitt beitarhús var skráð á svæðinu, en aftur á móti voru 40 sel skráð, sem er afar mikið. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli en seljabúskapur leið víða undir lok snemma á 19. öld. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á

⁴ Birna Lárusdóttir. *Mannvist. Sýnisbók um Íslenskar fornleifar*, bls. 175-176

stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum, sem eiga land til fjalla eða afréttarlanda. Mörg rannsóknarefni eru enn óleyst varðandi seljabúskap. Ekki hefur enn verið ráðið fram úr hvernig greina megi muninn á selbyggingum og byggingum þar sem búið var allt árið og er það eitt af mikilvægari verkefnum íslenskrar fornleifafræði. Sömuleiðis er lítið sem ekkert vitað um mismunandi tegundir seljabúskapar.

2.6. Engjar og áveitur

Fram á þessa öld var hluti heyafla hveirrar jarðar fenginn á engjum. Af örnefnaskráum sést að menn hafa oft leitað langt eftir örilitlum heytuggureytingi og móar hafa verið slegin þar sem nú sprettur lítið sem ekkert gras. Bestu engjarnar voru flæðiengjar þar sem vatn flæddi yfir öðru hvoru. Þar sem flæðiengjar voru ekki frá náttúrunnar hendi var vatni víða veitt á móa og mýrar. Algengt var að veita bæjarlækjum á svæði utan við tún og gætu á nokkrum stöðum enn sést merki um stíflur og veituskurði sem byggðir voru í þessum tilgangi en þó var aðeins skráð ein áveita á svæðinu.

2.7. Minjar um samkomur og þinghald

Í Breiðuvíkurreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis eru skráðir 10 þingstaðir. Sex þeirra eru skráðir á landi Laugarbrekku og einn á landi Brimilsvalla. Í gagnagrunni Fornleifastofnunar er "kaupstaður" ekki skilgreint hlutverk og falla meintir kaupstaðir undir hatt þingstaða. Það er í raun mjög rökrétt, enda hafa athafnir manna á slíkum stöðum líklega verið mjög fjölbreyttar. Hugtakið "þingstaður" hefur því mun víðari merkingu í þessu samhengi en við erum vön að gefa því í dag. Þrír verslunarstaðir eru skráðir í hreppunum, það er á Faxastöðum, Arnarstapa og Ingjaldshól. Þar að auki er einn leikvöllur á Gufuskálum og einn á Hólahólum, einn orrustustaður í Máfahlíð og fjórir aftökustaðir við Máfahlíð, Nýjubúð, Ingjaldshól og Laugarbrekku.

2.8. Kuml og kirkjugarðar

Greftrað hefur verið í kirkjugörðum þar sem voru sóknarkirkjur og útkirkjur og jafnvel einnig við bænhús, en kirkjur og bænhús voru miklu algengari á miðöldum en seinna varð. Í Breiðuvíkurreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis voru skráðar 13 kirkjur en auk þeirra eru ein hálfkirkja, ein útkirkja og fjögur bænhús. Voru kirkjugarðar við flestar þessara kirkna.

Sagnir og munnmæli um legstaði fornanna er víða að finna og tengjast þær oft á tíðum ákveðnum stöðum í landinu, s.s. hólum. Oft á tíðum eru þessir meintu

formannahaugar ekki annað en náttúrumyndanir, en á öðrum stöðum gæti hafa geymst þekking um mannabeinafundi eða gripa sem sagan hefur síðan spunnist frá. Af 40 legstöðum sem skráðir eru í hreppunum og ekki tengjast kirkjuhaldi eru sex formannahaugar eða dysjar.

2.9. Samgönguminjar

Talsvert er skráð af samgönguminjum í hreppunum eða 70 leiðir, sex vöð, þrjár brýr, einn áfangastaður, 15 samgöngubætur og níu traðir. Þess ber að geta að fjölmargar vörður eru skráðar í hreppunum, eða 40, og er líklegt að einhverjar þeirra teljist til samgönguminja þótt hlutverk þeirra verði ekki greint af heimildunum.

Skráðar leiðir í hreppunum eru mjög margar. Flestar liggja þær innan héraðsins, milli bæja eða innan einstakra jarða, en einnig voru skráðar nokkrar þjóðleiðir til nágrannahéraða. Má telja ljóst að sá fjöldi leiða sem skráður er innan jarða gefi ekki alveg raunsæja mynd. Margar þeirra hafa sennilega legið milli jarða þó þess sé ekki getið í heimildum auk þess sem fleiri en eitt örnefni geta átt við einu og sömu leiðina. Það er því líklegt að tala þeirra breytist nokkuð við aðalskráningu.

2.10. Hellar og ból

Á skráningarsvæðinu eru hellar sem nýttir voru á ýmsan máta. Voru þeir t.d notaðir sem skepnuhús, geymslustaðir og sel auk þess sem jafnvel var búið í sumum þeirra. Margir hellana eru manngerðir að öllu leyti, en einnig er um að ræða náttúrulega hella eða náttúrlega hella sem breytt hefur verið af mannhöndum. Alls eru skráðir 12 hellar í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis.

2.11. Sjávarminjar

Á Íslandi standa margir bæir við sjó og á þeim er ríkulegt magn af sjávaltengdum athafnasvæðum sem tengjast fiskveiðum og sjósókn. Á Snæfellsnesinu hefur verið mikið um útræði og sýna fjöldi lendinga fram á að það, en 51 lendingar eru þekktar á skráningarsvæðinu. Auk lendinganna voru skráð ýmis önnur mannvirki sem tengjast sjósókn t.d. 15 hjallar, sex uppsátur, sex naust, fimm herslugarðar, þrjú herslubygri og fimm fiskreitir í hreppunum ásamt fleiri sjávarminjum. Staðsetning mannvirkjanna ræðst af því hvort að lendingar hafi verið í nánd en oft eru engar minjar sjáanlegar þó svo að lendingar hafi verið á svæðinu.⁵

⁵ Birna Lárusdóttir. *Mannvist. Sýnisbók um Íslenskar fornleifar*, bls. 147-148.

3. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og þegar hefur verið minnst á, þá eru líkur á að meirihluti fornleifa innan túna á skráningarsvæðinu hafi verið eyðilagður á 20. öld og að nú sjáist aðeins brot þeirra rústa sem áður sást til á yfirborði. Það er helst á eyðijörðum og inn til dala á smærri kotbýlum eða hjáleigum sem hafa farið í eyði á fyrri hluta 20. aldar eða fyrr sem vænta má að hlutfall óskemmdra minja verði hærra. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum þar sem tekið er tillit til sýnilegra sem og „ósýnilegra” minja. Benda má á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar. Flestar fornleifarnar er að finna á gömlum bæjarstæðum sem oftast en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verði að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og jafnframt að fagaðilar fylgist vel með því raski sem nauðsynlegt er. Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á undanförunum árum og stafar þeim tóftum sem enn eru sýnilegar því ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnasléttun. Mikill hluti slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir frekari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir ógna fornleifum. Aukin skógrækt er vaxandi áhyggjuefni fyrir minjavernd á Íslandi og brýnt er að fundnar verði leiðir til að koma í veg fyrir að fornleifar spillist af völdum skógræktar. Skógur eyðileggur þó fornleifar ekki á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja veggheðslur og afmynda rústir þannig að erfitt verður að átta sig á þeim á yfirborði eða kanna þær með uppgrefti. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatamáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst þess aðeins að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum. Byggingar sumarbústaða geta valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðir eru þekktir á að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið útivistargildi sumarbústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirra, frekar en að þær standi í vegi fyrir framkvæmdum.

Ekki verður tekið tillit til fornleifa á skógræktarsvæðum, sumarbústaðalöndum eða þar sem aðrar framkvæmdir eiga sér stað nema fornleifastaðir hafi verið rannsakaðir á vettvangi og staðsetning þeirra færð inn á kort. Það er þess vegna brýnt að gerðar séu vettvangsathuganir á fornleifum á svæðinu. Skráningarsvæðið sem hér er fjallað um hefur

verið byggt frá landnámsöld og er auk þess vettvangur ýmissa atburða bæði í fornsögum okkar og sögu seinni tíma. Margir athyglisverðir minjastaðir eru á skráningasvæðinu og ljóst að miklu fleiri munu koma fram í dagsljósið við vettvangsathugun. Gera má ráð fyrir að mikið af stöðum sé í hættu og því brýnt að skrá fornleifar á vettvangi svo hægt sé að gera yfirlit um þá.

Í Breiðuvíkurbreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis er fjöldi minjastaða með mikið rannsóknar- og/eða kynningargildi. Þar er t.d. mikill fjöldi sjávertengdra minja sem áhugavert væri að rannsaka nánar. Þær rannsóknir geta sýnt fram á hverskonar atvinnustarfsemi var þar á árum áður. Þær fornleifar sem eru við sjávarsíðuna verða fyrir stöðugu rofi vegna ágangs sjávar og vinda. Á Snæfellsnesinu hafa margar fornleifar horfið vegna þessara náttúruþátta. Á Gufuskálum hefur farið fram víðtæk björgunarrannsókn á sjávertengdum minjum síðustu ár og sýna þær brot af því útgerðarsamfélagi sem var og er enn á Snæfellsnesinu. Lítið er vitað um seljabúskap til forna og gætu rannsóknir og samanburður á seljum varpað skýrara ljósi á hann.

Það er ljóst að svæðið sem hér um ræðir hefur að geyma menningarsögulegar auðlindir sem sjálfsagt er að reyna að nýta til rannsókna, upplýsingar og kynningar. Forsenda þess er hins vegar sú að minjastaðirnir verði skráðir á vettvangi, svo unnt sé að greina þá og miðla þeim upplýsingum sem tiltækar verða til fólks. Auk þess er mikið magn ritaðra heimilda frá öllum tímum Íslandssögunnar sem tengist svæðinu með beinum og óbeinum hætti sem gefur kost á samtvinnun upplýsinga rit- og efnismenningar.

Heimildaskrá

- ÁFÍ 1982:** Einar Haukur Kristjánsson. 1982. „Snæfellsnes frá Löngufjörum að Ólafsvíkurenni.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1982*.
- ÁG: Friðlýsingaskrá:** *Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Árbók Ferðafélags Íslands. 1986. Snæfellsnes norðan fjalla. Prentsmiðjan Oddi, Reykjavík.
- BFE 1997:** Bjarni F. Einarsson. 1997. *Írskubúðir og Hákonarhóll. Prufurannsóknir á víkingaaldar eyðibýli og kumli undir jökli í Snæfellsbæ á Snæfellsnesi*. Bjarni F. Einarsson og Snæfellsbær, Reykjavík.
- BFE 2000:** Bjarni F. Einarsson. 2000. *Írskubúðir. Landnámsbýli á utanverðu Snæfellsnesi*. Skýrsla um fornleifarannsóknir haustið 1999. II. skýrsla. Fornleifafræðistofan, [Reykjavík].
- Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist. Sýnisbók um íslenskar fornleifar*. Reykjavík.
- Brynjólfur Jónsson. „Rannsóknir í Snæfellssýslu sumarið 1899“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1900*, bls. 9-27.
- BS:** *Byggðir Snæfellsness*. 1977. Búnaðarsamband Snæfellinga, Stykkishólmi.
- Bsk II:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi I-II*, Kaupmannahöfn 1858-1878.
- DI:** *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*. Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.
- Eggert Ólafsson. 1943. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*. Um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757. Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfðánarson, Reykjavík.
- FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 II* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík, 1983.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík, 1990.
- GÓ 2014:** Guðmundur Ólafsson. 2014. *Írskrbrunnur á Gufuskálum og fleiri minjar á Snæfellsnesi*. Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns 1989:3. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Gráskinna hin meiri I*. 1962. Útgefendur Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson, Reykjavík.
- ÍF:** *Íslensk fornrit III-IV*. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík, 1933-.
- ÍS I-III:** Lúðvík Kristjánsson. 1982. *Íslenskir sjávarhættir II*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- JÁM 1705:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, VI. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn, 1938.
- JJ:** J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847.

- Jón J. Aðils. 1971. *Einokuunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787*. Heimskringla. Reykjavík.
- KEKH:** Kristján Eldjárn (2000). Í Adolf Friðriksson: *Kuml og haugfé*. Reykjavík: Mál og menning.
- KK 1877:** Kristian Kaalund. *Íslenzkir sögustaðir II*. Haraldur Matthíasson þýddi (kom fyrst út 1877). Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík, 1985.
- Kristborg Þórsdóttir. 2014. *Aðalskráning Fornminja á Gufuskálum á Snæfellsnesi*. FS534-13041. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- LBP FS512-08233:** Lilja Björk Pálsdóttir. 2013. *Under the Glacier. 2012 Archaeological investigations on the fishing station at Gufuskálar, Snæfellsnes*. FS512-08233. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- LBP og ÓGS FS477-08232:** Lilja Björk Pálsdóttir og Óskar Gísli Sveinbjarnarson. 2011. *Under the Glacier. 2011 Archaeological investigations on the fishing station at Gufuskálar, Snæfellsnes*. FS477-08232. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Manntal á Íslandi 1801*. Vesturamt. 1979. Ættfræðifélagið, Reykjavík.
- Manntal á Íslandi 1845*. Vesturamt. 1983. Ættfræðifélagið, Reykjavík.
- Páll Líndal. 1982 *Bæirnir byggjast, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík: Skipulagsstjóri ríkisins og sögufélag.
- Plum 1799 úr BFE 2000:** Plum, Jacob Severin. *Historien om min Handel paa Island; mine Søreiser og Hendelser*. 1799. København. Tekið úr: Bjarni F. Einarsson. 2000. *Írskubúðir. Landnámsbýli á utanverðu Snæfellsnesi*. Skýrsla um fornleifarannsóknir haustið 1999. II. skýrsla. Fornleifafræðistofan, [Reykjavík].
- PP:** *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 1949-1951. Reykjavík : Hið íslenska bókmenntafélag.
- SF:** Eiríkur Guðmundsson. *Saga Fróðárhrepps*. Átthagafélag Fróðhreppinga, 1988.
- Skýrsla FÍ I:** *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík I, 1863-1866*. 1868. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2007. *Deiliskráning í Ólafsvík, Snæfellsnesi*. FS352-07071. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík
- SSSH 1846:** *Snæfells- og Hnappadalssýsla: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna. Snæfellingaútgáfan. Reykjavík 1970.
- SSSn:** *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Snæfellsnes III*. 1970. Snæfellingaútgáfan, Reykjavík.
- Sögur og sagnir:** *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi I-II*. 1967-1968. Oscar Clausen safnaði. Skuggsjá, [Hafnarfirði].
- Undir bláum sólarsali I-II:** Ólafur Elíundarson. 2003-2004. *Undir bláum sólarsali I-II*. Jökla hin nýja II. Úr sögu Breiðuvíkurrepps og Neshrepps utan Ennis. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

ÞJÁ: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I-VI.* Jón Árnason safnaði. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík, 1961.

Óprentaðar heimildir:

BFE óútgefin skýrsla 3714: Bjarni F. Einarsson. 1996. Fornleifaskrá fyrirhugaðs þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi (3714). Bráðabirgðaskrá.

LBP Fiskbyrgin á Gufuskálum: Lilja Björk Pálsdóttir. 2009. *Fiskbyrgin á Gufuskálum.* Háskóli Íslands, Reykjavík.

Stafrænar heimildir:

Herforingjaráðskort 5: *Snæfellsjökull-Ólafsvík* 1:50000. Skráningarnúmer 2001-1323. Sótt á vef Landmælinga Íslands 07. mars 2014: <http://www.lmi.is/kortasafn/>

Heimasíða Hellissands: Sótt 14. júní 2013 af <http://www.hellissandur.is/ahugaverdirstadir/gufuskalarognagrenni/>

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Sótt 8. apríl 2014 af www.manntal.is

Svör við spurningaskrá þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns A-11533/B-1992-5. Ólafur Elímundarson. Sótt í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn 14. júní 2013: <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=544879>

Þjóðskjalasafn Íslands:

Jarðadeild. Uppdrættir af tünnum 1916, 1919, 1920. Breiðuvíkurbreppur, Neshreppur utan Ennis og Neshreppur innan Ennis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildamenn:

Heimildarmaður um minjastaði í Rífi var Sæmundur Kristjánsson, Hellissandi, f. 1943.

Örnefnastofnun Íslands

Arnarhóll:

Ö- Arnarhóll. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands, (ártal óþekkt).

Arnarstapi:

Ö- Arnarstapi. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Ö- Arnarstapi. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1977).

Ö- Arnarstapi. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1935).

Ö- Arnarstapi (athugasemdir). Anna Kristbjörnsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (2005).

Ö- Arnarstapi (athugasemdir). Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1977).

Brimilvellir:

Ö- Brimilsvellir. Sigurður Ólafsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1977).

Ö- Brimilsvellir. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Ö- Brimilsvellir (athugasemdir). Sigurður Ólafsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1980).

Ö- Brimilsvellir (Vallnabláss). Skrásetjari óþekktur. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Beruvík:

Ö- Bervík. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1982).

Ö- Bervík. Krisján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Ö- Bervík. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Dagverðará:

Ö- Dagverðará. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Ö- Dagverðará (athugasemdir). Kristófer Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1983).

Einarslón:

Ö- Einarslón. Kristján Eiríksson. Örnefnastofnun Íslands (1977).

Ö- Einarslón. Skrásetjari óþekktur. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Ö- Einarslón (athugasemdir og viðbætur). Skrásetjari óþekktur. Örnefnastofnun Íslands (1983).

Fróðá:

Ö- Fróðá. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (1983).

Ö- Fróðá. Þorleifur Jóhannesson. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Geirakot:

Ö- Geirakot. Þorleifur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Gröf:

Ö- Gröf. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1935).

Ö- Gröf (svör við spurningum). Ingibjörg Guðmundsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (2002).

Gufuskálar:

Ö- Gufuskálar. Ársæll Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1996).

Ö- Gufuskálar. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Ö- Gufuskálar (athugasemdir). Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1983).

Ö- Gufuskálar (viðbætur). Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1983).

Hallsbær og Munaðarhóll:

Ö- Hallsbær og Munaðarhóll. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Hamraendar og Stóru- og Litlu Hnausar:

Ö- Hamraendar og Stóru- og Litlu Hnausar. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1935).

Ö- Hamraendar og Stóru- og Litlu Hnausar (athugasemdir). Hálfán Hannibalsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1978).

Ö- Hamraendar (athugasemdir). Hálfán A. Hannibalsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1978).

Hnausar og Grímstaðir:

Ö- Hrausar og Grímstaðir. Hálfán Hannibalsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1978).

Ö- Hrausar og Grímstaðir (athugasemdir og viðbætur). Hálfán Hannibalsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Hólahólar:

Ö- Hólahólar. Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1967).

Hrísar:

Ö- Neðri- Hrísar. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Ö- Efri- Hrísar. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Ingjaldshóll:

Ö- Ingjaldshóll. Ársæll Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1996).

Ö- Ingjaldshóll. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Ö- Ingjaldshóll (svör við spurningum). Ársæll Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1996).

Innri- og Ytri Bugur:

Ö- Innri- og Ytri Bugur. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Keflavík:

Ö- Keflavík. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Ö- Keflavík. Svandís Elímundardóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1986).

Ö- Keflavík. Svandís Elímundardóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1986).

Ö- Keflavík. Svandís Elímundardóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1986).

Kjalvegur og Þrándárstaðir:

Ö- Kjalvegur og Þrándárstaðir. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).

Knarartungur:

Ö- Knarartungur. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1978).

Ö- Knarartungur. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1935).

Ö- Knarartungur (athugasemdir). Guðbjartur Karlsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1978).

Knörr:

Ö- Knör. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1935).

Ö- Knör (athugasemdir). Karl Magnússon skráði. Örnefnastofnun Íslands (1978).

Lónaland, Malarrif og Hólahólar:

Ö- **Lónaland, Malarrif og Hólahólar. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (ártal óþekkt).**

Malarrif:

Ö- Malarrif (athugasemdir). Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1983).

Ö- Malarrif (athugasemdir). Kristófer Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1984).

Ö- Malarrif (viðbætur). Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (1987).

Ö- Malarrif (viðbætur). Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1987).

Máfahlið:

Ö- Máfahlið. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Ö- Máfahlið (athugasemdir og viðbætur). Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1977).

Miðhús:

Ö- Miðhús. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1935).

Ö- Miðhús (svör við spurningum). Georg Ásmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Ólafsvík:

Ö- Ólafsvík. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Saxhóll:

Ö- Saxhóll. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Ö- Saxhóll. Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1967).

Ö- Saxhóll. Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1967).

Ö- Saxhóll (athugasemdir). Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1978).

Skarð:

Ö- Skarð. Ársæll Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1996).

Ö- Skarð (svör við spurningum). Ársæll Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1996).

Ö- Skarð. Ari Gíslason skráði skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Stóra Hella:

Ö- Stóra Hella. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Stóri- og Litli Kambur:

Ö- Stóri- og Litli Kambur. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1935).

Ö- Stóri- og Litli Kambur (svör við spurningum). Ingibjörg Guðmundsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (2002).

Sveinstaðir:

Ö- Sveinsstaðir. Ársæll Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1996).

Tjarnarkot (Þorgilsstaðir):

Ö- Þorgilsstaðir. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Tröð:

Ö- Tröð. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Tunga:

Ö- Tonga. Eiríkur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1986).

Vaðstakksheiði og Foss:

Ö- Vaðstakksheiði og Foss. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (ár óþekkt).

Ö- Vaðstakksheiði og Foss. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1996).

Ö- Vaðstakksheiði og Foss. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1977).

Þæfusteinn:

Ö- Þæfusteinn. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Öndverðarnes:

Ö- Öndverðarnes. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (áttal óþekkt).

Ö- Öndverðarnes (athugasemdir og viðbætur). Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1984).

Ö- Öndverðarnes (athugasemdir og viðbætur). Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1984).

Ö- Öndverðarnes (athugasemdir). Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands (1984).

Ö- Öndverðarnes (athugasemdir). Guðjón Halldórsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1984).

Ö- Öndverðarnes (viðbætur). Gunnar Línberg Sigurjónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (2001).

Öxl:

Ö- Öxl. Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands (1935).

